

Breytingartillögur

við frv. til l. um framhaldsskóla.

Frá Árna Þór Sigurðssyni.

1. Á eftir 43. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Kennsla í framhaldsskólum skal veitt nemendum að kostnaðarlausu og er óheimilt að krefja nemendur eða forráðamenn þeirra um greiðslur fyrir kennslu, námsgögn eða annað efni sem nemendum er gert skylt að nota í námi sínu og samrýmist ákvæðum laga þessara og aðalnámskrá.

Ríkinu er skylt að leggja til og kosta kennslu- og námsgögn er fullnægja ákvæðum aðalnámskrár.

Opinberum aðilum er ekki skylt að leggja nemendum til gögn til persónulegra nota, svo sem ritföng og pappír.

2. Við 45. gr. 1. og 2. mgr. falli brott.